

Verkefnasamningur Héraðssambands Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Hafnarstræti 18, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi verkefnasamning:

1. gr.

Markmið og verkefni.

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að taka að sér skilgreind verkefni á vegum bæjarfélagsins til að renna enn styrkari stoðum undir íþrótt- og æskulýðsstarfsemi á þeirra vegum.

HSV samþykkir, samkvæmt samningi þessum, að taka að sér verkefni þau er getið er um í fylgiriti með samningnum.

Ísafjarðarbær getur falið HSV að vinna önnur verkefni en hér eru tilgreind í fylgiritinu sé HSV samþykkt því og munu þá greiðslur fylgja verkefninu frá Ísafjarðarbæ.

HSV skal undirrita verkefnasamninga við aðildarfélög sín þar sem þeim eru falin þau verkefni er getið er í fylgiriti samningsins.

2.gr.

Upphæðir og greiðsla

Ísafjarðarbær mun greiða **HSV 7.000.000.-** vegna verkefna sem getið er um í 1. gr.

Stjórn HSV sér um að ráðstafa verkefnum og fjárhæðum þeim tengdum á milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglingsstarfs þeirra, enda hafi HSV eftirlit með því að slíkt starf fari fram hjá viðkomandi félögum.

Greiðsludagar Ísafjarðarbæjar til HSV skulu vera einu sinni í mánuði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Skila skal reikningum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 10. hvers mánaðar.

3.gr.

Umsjón

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að hafa umsjón með þeim verkefnum sem getið er um í 1. gr. HSV ber ábyrgð á því að verkefni séu unnin og ber Ísafjarðarbæ að koma öllum athugasemdum er varða verkefni til framkvæmdarstjóra HSV.

4.gr.

Gildistími

Samningur þessi **gildir til fjögurra ára**. Endurskoðun samningsins fer fram í september ár hvert, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Ísafjörður, 29. maí 2012.

F.h. Héraðssambands Vestfirðinga.

F.h. Ísafjarðarbæjar.

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.
